



**Nýársávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
1. janúar 2023**

Góðan dag, góðir landsmenn,
og gleðilegt ár.

Fyrir hönd okkar Elizu þakka ég þá velvild og vináttu sem við höfum notið á því ári sem nú er liðið. Við höfum ferðast víða hér innanlands, hitt indælt fólk og tekið á móti góðum gestum. Utan úr heimi minnst ég meðal annars farsællar ferðar til tæknirisa í Bandaríkjunum. Þar röktum við föruneysi mitt nauðsyn þess að tryggja sess íslenskrar tungu í stafrænum heimi. Því verki miðar vel en ekki má slá slöku við. Þá var minnisstæð ráðstefna í Japan um jafnrétti kynjanna, ekki síst vegna þess að gestgjafar og fleiri sögðust horfa til markverðs árangurs okkar Íslendinga á því sviði þótt þar sé enn verk að vinna.

Blessunarlega höfum við ýmislegt fram að færa á alþjóðavettvangi. Oftar en ekki erum við samt aðeins sjónarvottar að því sem fram vindur. Þannig er eðli smáþjóðar – smáþjóðar sem reiðir sig á alþjóðalög, að vald hins sterka gildi ekki í einu og öllu. Ráði hnefarétturinn er voðinn vís, það sýnir sagan og samtíð sömuleiðis. Enn geisar styrjöld í Úkraínu, eftir innrás Rússlandshers snemma á nýliðnu ári. Þótt við séum lítils megnug í slíkum ófriði höfum við lagt okkar af mörkum, tekið á móti flóttafólki og sent vistir út. Hann er lofsverður, sá einhugur sem Íslendingar hafa sýnt í stuðningi við stríðshrjáða þjóð.

Víðar gætir eymdar og alls kyns vanda. Við skulum svo sannarlega ekki gleyma því sem bjátar á, utan landsteina og einnig hér heima. Já, við megum hugsa hlýtt til þeirra sem eiga um sárt að binda. Áramót eru ýmsum erfiður tími sorgar og saknaðar – en fyrir svo mörg önnur eru þau þó stund einlægrar gleði og göfugra heita. Vissulega getum við ekki vitað fyrir víst hvað nýtt ár ber í skauti sér. Satt er það sem skáldið Hulda sagði svo vel á sínum tíma, að enginn sem vermist við geisla sólarinnar veit hvort hann muni sjá hana að morgni. Engu að síður getum við leyft okkur að vona að bjart sé fram undan. Og hver veit

nema hin svartsýnni myndu jafnvel fallast á að sólarglenna geti sett strik í reikninginn eins og Prins Póló söng svo hnyttilega.

Ýmis teikn má sjá um betri tíð fyrir mannkyn allt. Framfarir á sviði vísinda og tækni lofa góðu, ný lyf við alzheimer og öðrum erfiðum sjúkdómum, öflugar rannsóknir á taugakerfinu og er þá fráleitt allt talið. Hlutfallslega hafa andlát ungbarna víst aldrei verið eins fátíð um víða veröld og síðasta ár. Í loftslagsmálum vakna vonir við bindingu kolefnis og aðrar uppfinningar, jafnvel hagnýtan kjarnasamruna, aukna umhverfisvitund og aðgerðir á alþjóðavísu.

Hér og nú er líka sjálfsagt að benda á allt það góða við land okkar og þjóð – en um leið gerum við okkur engan greiða með sjálfshóli eða sjálfsblekkingum, og enn síður með óhóflegri íhaldssemi, blandinni ótta við breytingar.

Rangsnúin fortíðarþrá getur villt fólki sýn – en það gerir óheft nýjungalof reyndar einnig, „ofsatrúin á tímans batnandi rás“ sem Sigurður Pálsson orti um af skörpu viti í Nýársljóði sínu. Snýst þetta ekki allt um jafnvægi þegar vel er að gáð, umburðarlyndi og ígrundun, hófsemi og aga, raunsæi og virðingu fyrir ólíkum sjónarmiðum?

Því hvað væru Ísland og Íslendingar án sameiginlegs trúar- og menningararfs en hvað værum við líka án fjölbreytni í menningu og mannlífi, trúarbrögðum og lífsskoðun?

Hvað værum við án frelsis til ágreinings og skoðanaskipta? En hvað værum við án þeirrar samstöðu sem við getum sýnt þegar í nauðir rekur, andspænis óblíðum náttúruöflum, skæðri farsótt eða annarri vá? Hvað væri Ísland án sjálfboðaliða í björgunarsveitum auk annarra sem veita hjálp í viðlögum? Hvað værum við án þeirrar seiglu og þrjósku sem hjálpar okkur yfir erfiða hjalla?

Einmitt! Hvað værum við Íslendingar án trausts á okkar eigið atgervi? En hvað værum við líka án dyggrar samvinnu við önnur lönd, án sterkra strauma að utan sem móta samfélagið? Og hvað væri Ísland án þeirra sem hingað hafa flutt frá fjarlægum slóðum og leggja fram sinn skerf í þjóðarþágu?

Já, hvað væri Ísland svo án afreka allra þeirra sem skara fram úr, hér heima og ytra, á sviði menningar og lista, vísinda og íþróttar? En hvað væri landið án allra hinna sem lukkan lék ekki endilega við, án allra þeirra sem fengu aldrei nægilegt ráðrúm til að sýna hvað í þeim býr?

Þau sem ekki hafa sterk tækni á að láta í sér heyrast eiga samt sína rödd. Ég vitna hér í nokkra nemendur við Hringsjá, menntastofnun handa fólki sem vill hefja nám eða störf eftir hlé vegna sjúkdóma, slysa og annarra áfalla. „Ég fór inn full efasemda með höfuðið niður,“ sagði ein „og vissi nákvæmlega hvernig gólfið leit út, fannst ég ekki skipta neinu máli og samfélagið hefði engin not

fyrir mig.“ – „Ég kom boginn inn en gekk teinréttur út,“ sagði annar og sá þriðji þetta: „Mig langar að gefa til baka og hjálpa öðrum í svipaðri stöðu og ég var í. Ég get sýnt að það er hægt að vinna sig út úr vandamálunum með þrautseigju og jákvæðni.“

Þessar raddir þurfa hljómgrunn. Hjálp til sjálfshjálpar gagnast öllum. Og að lokum þetta um fjölskrúðugt samfélag og nauðsyn þess að sem flest okkar geti látið að sér kveða: Hvað væri Ísland án reynslu og álits þeirra sem komin eru yfir miðjan aldur og hafa jafnvel lokið löngu dagsverki – drjúgu ævistarfi sem hin yngri njóta góðs af? „Lifðu núna,“ heitir skemmtilegt vefrit um lífið eftir miðjan aldur, þriðja æviskeiðið er hugtak sem þekktist ekki fyrir skemmstu en á heldur betur við nú þegar fólk lifir einatt lengur og helst betur.

Saman erum við sterkari, eins og Hrafn Jökulsson sagði gjarnan. Án atbeina allra þeirra sem mynda hér samfélag væri Ísland fátækara og fábreyttara. Án samstöðu og samúðar erum við ekki samfélag sem stendur undir nafni, ekki samfélag sem skapar börnum og ungmennum bjarta framtíð – og það má nú heita ein meginskylda stjórnvalda hverju sinni að búa í haginn fyrir þá kynslóð sem erfir landið.

Höfum þó jafnframt hugfast að fólk eflist við það að axla ábyrgð á eigin lífi, trú á mátt sinn og megin. Ekki verður öðrum kennt um allt sem miður fer í eigin ranni. Öllum er hollt að sinna líkama og sál en þá er fyrirtak að okkur gefist sem bestur kostur til þess. Margt hefur verið gert vel í þeim efnum og vil ég styrkja slíkt starf enn frekar. Síðar í ár verða Íslensku lýðheilsuverðlaunin veitt í fyrsta sinn hér á Bessastöðum, með þátttöku almennings sem getur tilnefnt verðuga handhafa þeirra. Þannig verður vakin athygli á mikilsverðu framlagi á sviði lýðheilsu. Þannig verður vonandi stuðlað að bættri heilsu landsmanna, andlegri sem líkamlegri.

Allt helst þetta í hendur, kæru landsmenn, frelsi og vellíðan, frelsi og ábyrgð, frelsi og samkennd. Fyrir rúmri öld orti Ólöf Sigurðardóttir frá Hlöðum um þessa þætti tilverunnar. Hún klykkti út með vonarorðum sem ég tek undir um leið og ég óska ykkur öllum farsældar og blessunar á nýju ári:

Gott er að vera fleyg og fær
frjáls í hverju spori.
Sinnið verður sumarblær,
sálin full af vori.